

LÍFIÐ Í LANDINU

UMBÚÐA-
LAUST

Ásgeir Hannes Eiríksson
skrifar

Dagar kvótaljóta eru senn taldir og farið hefur félegra, dáíð dámlegra. Valdimar Jóhannesson og Svavar Guðnason og fleiri góðir menn eiga þakkir skildar fyrir að nenna að hjóla í sægreifalénin og láta skeika að sköpuðu. Sagan sýnir að menn sem binda ekki bagga síni sömu hnútum og samferðamenn þarf til að þoka málum af þessu tagi í höfn því meðaljónar koma því ekki í verk frekar en öðru. Sérvitringarnir slá út vitring-ana og eru ómissandi í hverju samfélagi. Sérviskan lengi lifi og ferfalt húrra!

Örlög kvótans ráðast ekki eingöngu í dóm- orði Hæstaréttar í Vatneyrarmálinu og ef rétturinn staðfestir dauðadóm Héraðsdóms Vestfjarða yfir kvótanum flýtir það afnámi kvótaljóta en hafni Hæstiréttur dómnum lengist í hengingaról sægreifa sem því nemur. Dagar kvótans eru senn taldir hvort sem er.

Vernd og Veidi í sama Kvóta

Héraðsdómur Vestfjarða komst að þeirri niðurstöðu að úthlutun ríkisins á veiðiheimildum geri upp á milli manna og er kvótinnljóti því í andstöðu við ákvæði stjórnarskrárinna um að jafnræði skuli ríkja með þegnum landsins. Einfaldara gat það ekki verið. Eftir á að hyggja er það furðulegt að fyrr hafi ekki verið úr kvótamálinu skorid fyrir íslenskum dómstóli. En betra er seint en aldrei og úr því sem komið er verður feigum ekki forðað með gálga- fresti. Hitt er svo annað mál:

Fyrir nokkrum áratugum létu íslenskir útvegmenn greipar söpa um fiskimið þjóðarinnar svo hrun blasti við fiskistofnum og var þá gripid til þess ráðs að draga úr sökn á miðin til að vernda þau fyrir ofveiðimönnum. Það er fiskiverndarlutur kvótans. Síðan var ákveðið að veita fiskiskipum heimildir til að veida úr fiskistofnunum án endurgjalds og voru veiðiheimildir eingöngu veittar skipum sem fyrir voru í greininni og miðað við afla fyrri ára við úthlutun heimilda. Það er fiskveiðihlutur kvótans og heitir kvótilljóti.

Sægreifar og talsmenn þeirra launaðir jafnt sem leiknir og konungkjörnir Bubbar á Alþingi og í forsætisráðuneyti hafa gert sitt besta til að rugla landsmenn í ríminu með því að blanda saman verndarmætti kvótans og veiðiheimildum. Þeir segja: -Við að fella niður kvótakerfið lýkur fiskverndarskeiði Íslendinga og hagræðið af útgerðinni hverfur með afnámi kvótans! Þetta er að sjálfsögðu gömul lygi og endurtekin af venlamönnum kvótansljóta en auðvelt er að halda áfram að vernda fiskimiðin fyrir ofveiði þó öðrum sé leyft að veida en sægreifum einum saman. Málið snýst um hve mörg tonn eru veidd í landhelginni en ekki hverjir draga þau úr sjó. Það heitir samkeppni og hefur hingað til reynst betur í atvinnulífinu en einokun og má benda á gömlu Sovétríkin og eylandið Kúbu í því sambandi. Einokun lifir aldrei til lengdar og meira að segja einokunarverslun Dana á Íslandi leið líka undir lok á sínum tíma. Samkeppnin þekktist víða í hagfræðinni þó óþekkt sé í landhelginni.

„Örlög kvótans ráðast ekki eingöngu í dóm- orði Hæstaréttar í Vatneyrarmálinu og ef rétturinn staðfestir dauðadóm Héraðsdóms Vestfjarða yfir kvótanum flýtir það afnámi kvótaljóta en hafni Hæstiréttur dómnum lengist í hengingaról sægreifa sem því nemur. Dagar kvótans eru senn taldir hvort sem er,“ segir Ásgeir Hannes Eiríksson.



Quo Vadis Sægreifar?

Quo Vadis Sægreifar?

Ekki kemur til greina önnur laus á kvótanum en að allir Íslendingar sitji við sama borð í landhelginni og aldrei næst sátum um málamið- un sem leiðir ekki til þeirrar lausnar. Sægreifar hafa mækað krókinn á fiskistofnum þjóðarinnar í áratugi og auðlegð þeirra blasir við í þjóðfélaginu og í öðrum löndum. Sægreifar höfðu öll þessi ár til að búa sig undir væntan- lega samkeppni í landhelginni og þeim er eng- in vorkunn að sitja við sama borð og Íslend- ingar eftir áratuga forgjöf. Þeim mátti vera ljóst að Drottinn gaf og Drottinn tók.

Bankar og aðrir fjársjóðir landsmanna sem látið hafa glepjust af fólkskum höfuðstól kvótans og tekið veð í kvótaskipum verða sjálfir að súpa seyðid af viðskiptum sínum við sægreifa. Samfélagid getur ekki hlaupid undir bagga með sjóðakerfi landsins eins og venjulega er ætlast til þegar sjávarútvegur á í hlut. Hitt er svo annað mál að þjóðin getur vel komið á móts við sægreifa og afnumid kvótaljóta í áföngum til að draga úr röskun á stöðu þeirra og högum ef mönnum býður svo við að horfa. Og jafnvel þó þeir eigi það varla skilið.

Öll árin sem sægreifar sátu einir að fisk- stofnum landsins voru þeir aldrei til viðtals um að deila miðunum með öðrum Íslending- um. Þannig varð stærsta þjóðargjöf í heimi að sérstökum lífeyri fyrir fámennan greifahóp sem hóf strax að leigja þjóðargjöfina og selja, veðsetja hana og arfleida og rífast jafnvel um hana við hjónaskilnaði. Fiskimiðin komu íslensku þjóðinni ekki við lengur frekar en þau væru við erlendar strendur í öðrum heimsál- fum. En nú er öldin önnur: Venlamenn kvóta- ljóta úr Framsóknarflokki og víðar leggja nú fram sérstök bænaskjöl í blaðagreinum um að ná samkomulagi um kvótann þegar við blasir að þjóðin heimtir hann úr Helju. Nú eru Íslendinga loks þess verðir að semja við. Ekki verður lagst lægra.

Ó þá náð að eiga Jesús

Davíð Oddsson forsætisráðherra hefur að

minnsta kosti þrjú andlit undir ljónsmakkan- um og líklega ein sjö höfuð. Skemmtilegasta andlit ráðherrans er Matthildur og nokkrir góðar dagar án Guðnýjar slá líka í gegn. En þegar ráðherrann krýnir sig til Bubba kóngs má þjóðin fara að vara sig. Sólin sest seint í konungsríki Bubba og nú síðast vill kallinn láta skrásetja alla heimsbyggð sína í einum gagnagrunni enda er kóngsi fæddur í gamalli fjárhúsabyggð og væntanlega í jötu. Bubbi kóngur varð saltvondur þegar dómur féll á Vestfjörðum og hellti sér yfir þegna sína fyrir að ala af sér annan eins dómstól og Héraðs- dóm Vestfjarða og bjó þjóðina undir heimsenda. Á sama hátt setti hann dómur- um Hæstaréttar fyrir heimadæmin og er honum hvergi runnin reiðin þegar þetta er skrifað. En þegar neyðin er stærst er hjálpin næst:

Í Kritsnihátíðarnefnd situr einmitt forseti Hæstaréttar við hægri hönd konungs síns og Biskup Íslands við þá vinstri. Hæg eru því heimatókin ffyrir Bubba að leggja dómur- um lífsreglurnar og að því búnu að leita eftir andlegu samfélagi við Biskupsembættið til að hvíla þanda nasavængi. En ekki er öllu til skila haldið enn:

Biskupinn hefur sýnt kóngi sínum þann kærleika að setja Séra Örn Bárð Jónsson þjónandi sóknarprest í Neskirkuju sem er kirkjusókn Bubba konungs en kóngsi rak einmitt sérann úr stöðu ritara Kristnihátíð- arnefndar fyrir að birta smásögu í Lesbók Morgunblaðsins. Hvíllik gefa er það fyrir forsætisráðherra þjóðarinnar að mega vökva kristilegu kærleiksbólmoni í sókninni sinni þegar Bubbi kóngur sigrar Matthildi í ráð- herranum og taka á móti heilagri kvöldmáltíð frá gömlum samstarfsmanni sem þekkir bæði gagnagrunna og kvóta og önnur gull ráðherrans. Og sóknarbræðurnir geta skipst á að lesa smásögu sínar fyrir sóknarbornin og ofar hljóma herskarar himnanna.

MENNINGAR

LÍFIÐ



Valdis Viðars.



Hlynur Hallsson.

Veggir
hver ofan á annan

Í dag ríður Hlynur Hallsson á vaðið með nýtt listaverk í Listasafni Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum sem hlotið hefur heitið „Veg(g)ir“.

Framkvæmd verksins byggir á tveimur þáttum: annars vegar að veita listafólki tækifæri til að vinna úr hugmyndum sínum út frá stórum fleti, (en langveggur miðrýmis Kjarvalsstaða er 24 metrar á lengd og 3,5 metrar á hæð) og hinsvegar að leyfa gestum safnsins að fylgjast með þróun hvers listaverks frá upphafi til enda.

Þátttakendur í verkefninu eru: Hlynur Hallsson, Daði Guðbjörnsson, Katrín Sigurðardóttir, Ráðhildur Inga- dóttir, Gunnar Örn og Ragnheiður Jónsdóttir. Þau munu vinna sín verk hvert á eftir öðru og fá þrjár vikur til verksins hver.

Listunendum verður boðið að vera við „lokun“ hvers áfanga, sem alltaf fer fram á fimmtudagskvöldi og verður kynnt sérstaklega. Sá listamaður sem þá er að ljúka verki sínu mun kynna verkefni sitt og vera með hugleiðingu um það. Við sama tækifæri mun sá listamaður sem kemur næst hefja sitt verk og kynna hugmyndir sínar og áætlanir.

Það skal tekið fram að sýningarskrá verður gefin út þegar allir listamennirnir hafa skilað sinni vinnu. Þar verður að finna upplýsingar, ljósmyndir af ferli, sem og frekari umfjöllun um verkefnið.

Við orð skal standa

Þau voru alvarleg tíðindin um að Alþingi Íslendinga hefði samþykkt skömmu fyrir jól ný samgöngulög sem skylda menn til að tilkynna að þeir taka upp símtöl á segulband til að fá nokkurs konar samþykki viðmælanda. Þessi tíðindi voru alvarleg fyrir allan almenning fólks sem fram til þessa hefur haft þann varnagla að taka upp símtöl án þess að þurfa að tilkynna viðkomandi það sérstaklega því að slík tilkynning getur sett strík í reikninginn. Allir vita út á hvað símtöl geta gengið. Gegnum símalínurnar fara því miður ekki bara fram trúð og settleg samtöl, nei. Fólk notar símann líka til þess að hringja ítrekað, þegja, anda eða klæmast, sem er ekki í þágu þess sem fyrir verður. Það er því í hæsta máta hlægilegt að þurfa að tilkynna formlega að maður sé að taka símtalið upp þegar ekkert lát er á síma- ónæði - að öðrum kosti sé það ólöglegt.

Þegar skrekkur er hlaupinn...

Ýmsar starfsstéttir hafa notað segul-

MENNINGAR
VAKTIN


Guðrún Helga Sigurðardóttir
skrifar

bandsupptökur í starfi sínu. Í fjölmiðlum hefur verið tept á vinnureglur lögreglumanna hvað þetta varðar. Þingtíðindin marg- umræddu voru líka alvarleg hvað starfsaðstæður blaðamanna varðar. Blaðamenn vita það allra manna best úr daglegu starfi sínu hve nauðsynlegt getur reynst að hafa ummæli á bandi, ekki bara til að hafa efnisatriði og ummæli rétt eftir, sem reyndar er veigamikil ástæða, heldur líka til þess að geta sýnt fram á og sannað hvað í rauninni sagt var þegar viðmæl- andinn vill draga orð sín til baka. Þegar blaðamaður getur ekki bent á segulbandsupptöku til sönnunar orðum sínum á prenti og skrekkur er hlaupinn í viðmælandann standa orð gegn orði. Það er ekki nógu gott. Við orð skal standa.

Óásættanleg vinnubrögð

Þegar alþingismenn samþykktu þessi nýju lög án þess að taka eftir voru þeir um leið að bregðast fólkinu í landinu.

Þegar blaðamaður getur ekki bent á segulbandsupptöku til sönnunar orðum sínum á prenti og skrekkur er hlaupinn í viðmælandann standa orð gegn orði. Það er ekki nógu gott.



Öllu fólkinu í landinu. Það er óásættan- leggt að frumvörp komist í gegnum þingið án þess að menn taki eftir og auðvitað er það engin afsökun hvað mikið hafi verið að gera, hversu þung og mikil mál hafi legið fyrir þinginu, hversu mörg þau hafi

verið sem þurft hafi að afgreiða. Í öllu svartnættinu er það þó fagnadarefni að lesa loforð stjórnmalamanna um að kippa þessu í líðinn. Það þarf að gera fljótt og vel. Nú þegar.

ghs@ff.is